

Barnabókmenntaverðlaun Reykjavíkurborgar

1.

Barnabókaverðlaun Reykjavíkurborgar eru samruni Dimmalimm – Íslensku myndlýsingaverðlaunanna og Barnabókaverðlauna Skóla- og frístundaráðs. Þau eru veitt höfundum og þýðendum barna- og ungmennabóka fyrir metnaðarfullt starf. Verðlaunað er ár hvert fyrir 1) frumsamda íslenska barnabók, 2) íslenska þýðingu á barnabók og 3) myndlýsingar í íslenskri barnabók. Verðlaunaveitingin og verkefni henni tengd eru alfarið í umsjá Reykjavíkur bókmenntaborgar UNESCO eftir að fjárheimildir voru færðar af skóla- og frístundasviði til menningar- og íþróttasviðs.

2.

Verðlaunaféð er greitt af Reykjavíkurborg og er upphæð þess samkvæmt ákvörðun menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs hverju sinni í samræmi við fjárhagsáætlun. Verðlaunin eru veitt árlega að vori, fyrir útgáfu liðins árs.

3.

Dómnefnd til verðlaunanna er skipuð til eins árs í senn af menningar- íþrótt- og tómstundaráði. Hana skipa þrír einstaklingar, þar af einn samkvæmt tilnefningu Rithöfundasambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Fyrirmyndar – félags myndhöfunda á Íslandi og einn samkvæmt tilnefningu Bókmenntaborgarinnar. Bókmenntaborg skipar formann dómnefndar. Leitast skal við að skipa fagfólk í barnabókmenntum í dómnefndina til að tryggja virðingu verðlaunanna. Tilkynna skal borgarráði um skipan dómnefndar.

4.

Allar útgefnar barnabækur ársins eftir íslenska höfunda eða þýddar á íslensku og myndlýstar af íslenskum myndhöfundum eru gjaldgengar til verðlaunanna. Útgefendur senda 3 eintök af hverjum völdum titli til skrifstofu Bókmenntaborgarinnar á menningar- og íþróttasviði Reykjavíkurborgar, sem kemur bókunum til dómnefndar.

Samþykkt í borgarráði xx.xx.2023